

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 15 000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 18. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir og að fenginni tillögu stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á Búðagrunni.

1. gr.

Frá og með 7. febrúar 1990 til og með 31. mars 1990 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í Faxaflóa, sem afmarkast af eftirtöldum punktum:

1. Göltur (við Arnarstapa)
2. 64°35'N–22°54'V
3. Hjörsey

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. febrúar 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.